


# HÆFNIGREININGAR



# HÆFNIGREININGAR

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur þróað aðferð við að greina störf og hæfnikröfur þeirra. Hæfnikröfur starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknum störfum og hversu mikil hún þarf að vera.

Niðurstöður hæfnigreininga má nýta með fjölbreyttum hætti svo sem við hönnun á námi til undirbúnings þátttöku í atvinnulífinu, sem viðmið í raunfærnimati, sem hvatningu til starfsþróunar og leiðarljós við gerð starfslýsinga og ráðningu starfsmanna.

## EINKENNI AÐFERÐARINNAR

**Fyrirfram skipulagt ferli.** Greiningin fer fram á þremur skipulögðum greiningarfundum með 10 til 20 þátttakendum, þar sem þjálfaður umsjónarmaður stýrir vinnunni.

**Virk þátttaka hagsmunaaðila á vinnumarkaði.** Þátttakendur á greiningarfundum þekkja vel til starfsins eða starfsgreinarinnar.

**Notkun þrepaskiptra hæfnipáttá.** Hæfnipáttirnir lýsa á hlutlægan hátt mikilvægri hæfni fyrir atvinnulífið og unnið er með þá á greiningarfundunum. Þáttirnir eru settir fram á þrepum, í samræmi við íslenska hæfnirammann, og lýsa stíganda í ábyrgð, sjálfstæði og flækjustigi starfsins.

**Einföld vinnubrögð.** Hæfnipáttirnir eru á spjöldum sem unnið er með eftir einföldu ferli.

**Staðlaðar niðurstöður.** Starfaprófill er niðurstaða hæfnigreiningarinnar. Hann inniheldur skilgreiningu starfsins, sem er stutt lýsing á starfinu og upptalning á helstu viðfangsefnum þess, og lýsingu á þeirri hæfni sem þarf til að gegna starfinu.


## VIRK ÞÁTTTAKA ATVINNULÍFSINS

Öllu skiptir að atvinnulífið skilgreini sjálft hvaða hæfni þarf til starfa þannig að nám sem ætlað er til undirbúnings þátttöku í atvinnulífinu byggji á breiðri aðkomu úr greininni, sé hnitmiðað og hagkvæmt.

Með þátttöku í hæfnigreiningum gefst fulltrúum atvinnulífsins mikilvægt tækifæri til að hafa áhrif á innihald og uppbyggingu náms innan framhaldsfræðslunnar en hlutverk hennar er meðal annars að skapa úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsfólks.

FA og samstarfsaðilar reiða sig á áhuga og velvilja atvinnulífsins til að draga fram niðurstöður sem eru í takt við þeirra þarfir.

## FERLI HÆFNIGREININGA



## GREININGARVINNAN

Sérþjálfaður umsjónarmaður undirbýr og skipuleggur greiningarvinnuna ásamt stýrihópi sem samanstendur af 5 til 6 lykilaðilum úr starfsgreininni.

Til þátttöku á greiningarfundum er kallaður til stærri hópur, 10 til 20 manns. Það eru einstaklingar sem sinna viðkomandi starfi, stjórnendur í starfsgreininni og aðrir aðilar sem hafa breiða sýn á starfið bæði hvað varðar tengingar við aðrar starfsgreinar og framtíðarhorfur.

Haldnir eru þrír fundir með greiningarhópnum, hver um sig þrjár klukkustundir.

## HVERS ER KRAFIST AF STÝRIHÓPI?

Í stýrihópi eru verkkaupi, fulltrúar starfsmanna og stjórnenda í starfsgreininni ásamt öðrum hagsmunaaðilum hæfnigreiningarinnar. Hlutverk þeirra er að skilgreina verkefnið og fá til þátttöku á greiningarfundina hóp fólks sem þekkir vel til starfsins.

Stýrihópur yfirfer og staðfestir niðurstöður hæfnigreiningarinnar. Gert er ráð fyrir að stýrihópur taki þátt á greiningarfundum.

## HVERS ER KRAFIST AF ÞÁTTTAKENDUM?

Þátttakendur eru valdir út frá tengingu þeirra við starfið. Ekki er þörf á neinum undirbúningi fyrir fundina.

Á fundunum stýrir umsjónarmaður greiningarinnar vinnu þátttakenda sem felst fyrst í því að skilgreina starfið (kjarna og viðfangsefni) og velja svo á milli fyrirfram skilgreindra upplýsinga á spjöldum.

Reynslan sýnir að þátttakendum finnst bæði gaman og gagnlegt að taka þátt í fundunum. Kannanir meðal þátttakenda hafa leitt í ljós að meirihluti þátttakenda myndi vilja taka aftur þátt væru þeir beðnir um það. Margir segja einnig að þátttakan hafi nýst sér persónulega og/eða í starfi.

## HLUTVERK FRÆÐSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS

Samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur FA það hlutverk að skilgreina menntunarpárfir þeirra sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastig í samstarfi við atvinnulífið og fræðsluáðila. FA hefur einnig það hlutverk að byggja upp nám sem mætir þeim þörfum og lýsa því í námskrám. Hæfnigreiningar FA er mikilvægur grunnur að þeirri vinnu.

## HVERJIR GERA HÆFNIGREININGAR?

Hæfnigreiningar eru bæði unnar hjá FA og hjá símenntunarmiðstöðvum sem hafa yfir að ráða þjálfuðum umsjónarmönnum hæfnigreininga.

Niðurstöður hæfnigreininga eru yfirfarnar og metnar af sérfræðingum FA.

## HVADAN KOMA HÆFNIÞÆTTIRNIR?

Hæfniþættirnir sem FA notar koma frá kanadíska ráðgjafafyrirtækinu HRSG sem hefur unnið að þróun þeirra í meira en 30 ár en þeir lýsa á hlutlægan hátt mikilvægri hæfni fyrir atvinnulífið. FA hefur þýtt og aðlagð efnið að íslenskum aðstæðum.

## HVAÐ ER STARFAPRÓFÍLL?

Starfaprófill er niðurstaða hæfnigreiningar og inniheldur skilgreiningu starfs og lýsingu á þeirri hæfni sem þarf til að gegna starfinu.

Nánari upplýsingar um hæfnigreiningar FA má finna á: [www.frae.is/haefnigreiningar](http://www.frae.is/haefnigreiningar)

